


✉ Re: Ósk um umsögn, Vindorkugarðar í Skáldabúðum L166594, aðalskipulagsbreyting - 2004012

Búið til	10.8.2020 16:24:03
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	10.8.2020 16:24:03
Tilheyrir	 202006-0026 - Vindorkugarður á Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi 2017-2029. Deiliskipulag fyrir vinduorkulund

Efni

Re: Ósk um umsögn, Vindorkugarðar í Skáldabúðum L166594, aðalskipulagsbreyting - 2004012

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	10.8.2020 16:24:03	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	stella@utu.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202006-0026 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi, dags. 19. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi hreppsins 2017-2029 og vegna deiliskipulags fyrir vindorkugarðs í landi Skáldabúða. Vindorkugarðurinn er háður mati á umhverfisáhrifum og hefur verið tilkynntur í rammaáætlun 4. áfanga. Það er því ljóst að varla verður gengið frá skipulagi fyrr en niðurstöður liggja fyrir í fyrrgreindum ferlum. Beðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist að svara erindunum sem stafar af sumarleyfum starfsmanna.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda lýsingu og telur að í henni komi flest það fram sem þarf að skoða nánar við frekari vinnslu á málinu í tengslum við aðalskipulagið/deiliskipulagið og þá með hliðsjón af niðurstöðum úr umhverfismati og mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar komi til þess. Þar sem eðli vindorkugarða er annað en t.d. jarðvarma- eða vatnsorkuvirkjana þarf t.d. að skoða vel fuglalíf á viðkomandi svæði, sérstaklega farleiðir fugla, áður en endanlega ákvörðun er tekin í skipulagsmálum. Verður það væntanlega gert í mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun vill benda á eftirfarandi:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um viðmið í náttúruvernd og hvernig ber að nálgast vernd náttúruvinnja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar laganna sem geta átt við. Hér má

t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útvist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Vegna frekari vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins vill Náttúrufræðistofnun einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>) , og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi>) og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf) . Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruinjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd.<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) .

Einnig má finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)

Yfirlit um válista almennt má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>).

Kortasjá um jarðfræði Íslands má finna hér: <https://jardfraedikort.ni.is/> (<https://jardfraedikort.ni.is/>) .

(Vakin er athygli á því að vegna tæknilegra vandamála hafa kortasjár stofnunarinnar legið niðri en unnið er að því að laga það.)

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðar stigum þessa máls gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Axel Benediktsson" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Uggi Ævarsson" <uggi@minjastofnun.is>; "Land.is - LAND" <land@land.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "anr@anr.is" <anr@anr.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Sigrún Guðmundsdóttir" <sigrun@hsl.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "unnur@landsnet.is" <unnur@landsnet.is>;

"landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "os@os.is" <os@os.is>

CC: "Gunnar Aron Ólason" <gunnar@utu.is>; "Vigfús Þór Hróbjartsson" <vigfus@utu.is>

Subject: Ósk um umsögn, Vindorkugarðar í Skáldabúðum L166594, aðalskipulagsbreyting - 2004012

Date: 19.6.2020 11:47:42

Góðan dag

Óskum hér með eftir umsögn yðar vegna meðfylgjandi skipulags- og matslýsingu aðalskipulagsbreytingar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrir vindorkugarða í Skáldabúðum L166594. Í breytingunni felst skilgreining á mögulegum vindorku virkjanakosti í landi Skáldabúða undir heitinu Hrótmúlavirkjun.

Sjá bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 10.6.2020:

27. mál. Skáldabúðir L166594; Hrótmúlavirkjun; Vindorka; Aðalskipulagsbreyting - 2004012

Lögð er fram skipulagslýsing unnin af EFLU verkfræðistofu vegna breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í breytingunni felst skilgreiningar á mögulegum vindorku virkjanakosti í landi Skáldabúða undir heitinu Hrótmúlavirkjun. Framlögð skipulagslýsing tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, deiliskipulagi fyrir svæðið auk matslýsingu til samráðs um umfang og nákvæmni upplýsingar í umhverfisskýrslu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að skipulagslýsingu verði samþykkt til kynningar á grundvelli 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leitað skal umsagnar hjá Skipulagsstofnun og helstu umsagnaraðilum samhliða kynningu fyrir almenningi.

Sveitarstjórn samþykkir skipulagslýsingu vegna ofangreinds mál tilkynningar á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Leitað verður umsagnar hjá tilheyrandi umsagnaraðilum.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (mailto:stella@utu.is)

Vefsíða: www.utu.is (http://www.sbf.is/)

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

Skipulags- og matslýsing, Skáldabúðir L166594, Hrótmúlavirkjun, vindorka, aðalskipulagsbreyting.pdf (1 MB)

image001.gif (2 KB)